

## KVÖLDFRÉTTIR

### KEFLAVÍKURVEGURINN

*c*                    *g*                    *a/g*  
Sjómenn suður Keflavíkurveginn.  
*f*                    *e7*                    *d*   *g*  
Sandgerði með eirðarlausum blómum.

*c*                    *g*                    *a/g*  
Næturláir bíla gegnum regnið.  
*f*                    *e7*                    *d*   *g*  
Brotin andlit strýk ég fingurgómum.

*c*                    *g*                    *am/g*  
Lævis vani læsir allra geði.  
*f*                    *e7*                    *d*   *g-g7*  
Lipurmanni troðin út með masi.

*c*                    *g*                    *am/g*  
Hálfnað líf í himinbláum þræði  
*f*                    *e7*                    *d*   *g-g7*  
hverfur eins og daggarperla af grasi.

*g6-g7*   *c*                    *d-f-c-em7*  
Á hvaða leið er ég?  
*am*   *g*                    *f*                    *c-em7*  
Ég er á leið inn í villu allra vega.  
*am*   *g*                    *f*   *g*   *em-g#m-dm-a*  
Ég er á leið inn í sjálfan mig.

Hér er engin hönd sem að knýr á.  
Hér eru engin augu sem loga.  
Hér er engin tunga sem spyr,  
en hundrað þræðir sem allir toga.

Á hvaða leið er ég?  
Ég er á leið inn í villu allra vega.  
Ég er á leið inn í sjálfan mig.

### ALLAR LEIÐIR

*c*                    *gm7*  
Það er svo auðvelt  
      *a7*                    *dm*  
að villast af leið  
*dm/c*                    *em7*  
þegar allar leiðir  
*a#6*   *c6*                    *f*   *em*   *a*  
eru jafn vel færar.

*c gm*  
Það er svo auðvelt  
*a7 am*  
að rata rangan veg  
*dm/c em7*  
þegar allir vegir  
*a#6 c6 f em a*  
eru merktir þér.

*dm a7 g dm dm/c*  
Ef þú hefur enga skoðun  
*a# c*  
þá hafa aðrir bara skoðun  
*f em a*  
fyrir þig.  
*dm a7 g dm dm/c*  
Ef þú tekur enga stefnu  
*a# c*  
þá taka aðrir bara stefnu  
*f em a*  
fyrir þig.

Það er svo einfalt  
að villast af leið  
þegar allar leiðir  
liggja að fótum þínum.

## **KARL MARX**

*e7*  
Þeir leituðu sumir langt yfir skammt  
*a bm g b*  
og liðuðust sundur í eigin vélum.  
*e7*  
Aðrir átu alltaf aukaskammt  
*a bm g b*  
og enduðu líf sitt suður á Melum.  
*e7*  
Einhverjir sáu aldrei undir né spil,  
*a bm g b*  
óku sinn veg eins og líkvagn á teini.  
*e7*  
Og ef í brjóstinu bilun vill til  
*a bm g b*  
þeir ber'ana út og dysja undir steini.

*d a e a*  
Það verður enginn eftir, það er alveg satt.

*d a e a*  
Það verður enginn eftir, það er alveg satt.

*c#m d a*  
Hver ætli verði eftir,

*c#m d a*  
hver ætli verði eftir

*f g a*  
nema Karl Marx?

*g d a*  
Utanfarir langt út í lönd  
*g d a*  
lengi höfðu gerst þótt nú keyrði úr hófi.

*g d a*  
En verst var það þegar vor fór í hönd  
*f#m f e*  
og vertar í Höfn stóðu í svitakófi.

*d a e a*  
Það verður enginn eftir, það er alveg satt.

*d a e a*  
Það verður enginn eftir, það er alveg satt.

*c#m d a*  
Hver ætli verði eftir,

*c#m d a*  
hver ætli verði eftir

*f g a*  
nema Karl Marx?

Heim snéru flestir hálfnaðir menn.  
Hundakuldinn á Íslandi beit þá.  
Og þeir sem áttu eitthvað aflögu enn  
enduðu flestir við Sundin blá.

Það verður enginn eftir, það er alveg satt.  
Hver ætli verði eftir nema Karl Marx?

Sumir fundu sinn forframa í skít  
og fögnuð lífsins í reykjarmekki.  
Aðrir urðu ein allsherjar hit,  
affeitir þrælar með glampanði hlekki.

Það verður enginn eftir, það er alveg satt.  
Hver ætli verði eftir nema Karl Marx?

## LÁTTU ÞIG DREYMA

*am am/g*  
Láttu þig dreyma  
*d e*  
fyrir dægurlátum.

*am am/g*  
Láttu þig dreyma  
*d e*  
fyrir framtíðinni.

*am am/g*  
Láttu þig dreyma  
*d e7*  
fyrir upprákomum  
*f e am am/g f e*  
því á morgun ertu dauð.

*f7 a# g7 c*  
Vinir mínir fara fjöld  
*f7 a# g7 c*  
flestir á bak við gluggatjöld.  
*f7 a# g7 c*  
Þeir sem báru eitt sinn borða og spjöld  
*f7 a# g7 e e7*  
brosa nú fyrir yfirvöld.

Láttu þig dreyma  
fyrir fortíðinni.  
Láttu þig dreyma  
og lærðu af eigin reynslu.  
Láttu þig dreyma  
og lærðu af draumum þínum  
því á morgun ertu dauð.

Menn bindast hlutum sem bera þá  
bak við dyr með lás og slá.  
Og ef þeir opna aftur augun blá  
þeir eru grýttir í eigin gjá.

## VICTOR JARA

*em em7 d*  
Það er sólskin yfir Santiagóborg  
*am c b*  
og skýin líkjast fiðrildum á bláum grunni.  
*em em7 d*  
Molluvindur fer um mállaus torg.



*f g d*  
Og allir sungu Internationalinn.

*f g d*  
Og allir sungu Internationalinn.

*d a g d*  
Hann tætti hempuna og táknið af sér

*d a g d*  
með talandi hætti og bauð fólki dús.

*d a g d*  
Og allir gengu í alþýðuher

*d a g d*  
sem yfirtók KEA og Davíðshús.

*f g d*  
Og allir sungu Internationalinn.

*f g d*  
Og allir sungu Internationalinn.

*a d*  
En Reykjavík upplifði rósótta tíð

*a d*  
með rauðum fánum og blómlegum söng.

*a d*  
Hvarvetna á torgum var tungan svo blíð.

*bm a# a a7*  
Menn tignuðu ástina vordægrið löng.

Og allir sungu Internationalinn ...

Hvarvetna spratt upp hin samhuga sveit.  
Menn sátu um að má burt hvern óþrifablett.  
Kýrin var frjósöm og fiskurinn beitt,  
fægð var hver rúða og sópuðu hver stétt.

Og allir sungu Internationalinn.

## HÓTEL HERMESAR

*c dm em f*  
Miðjarðarhafið er mikið og vítt.

*c dm em f*  
Mestanpart strýkur það vindur blítt.

*c dm em f*  
Frá hvirfli til ilja klæddur í hvítt

*am c d g*  
kasta ég vatni í þangið sítt.

*c dm em f*  
 Langan veg hef ég lagt undir fót.  
*c dm em f*  
 Langflestir trúa á turna og spjót.  
*c dm em f*  
 Allt vil ég bræða í annað mót.  
*am c d g*  
 Mikið andskoti leiðist mér byssudót.

*f am am/g*  
 Sápa ég ýmsan sýkil í hel;  
*f am am/g*  
 súta hann ekki og far'ann vel.  
*f e am am/g*  
 Á meðan ég einskis manns afurð stel  
*f c e am g*  
 ætla ég leyfist mér þetta vel.

Hér leik ég tennis af tærri snilld,  
 teikna upp skilirí að minni vild,  
 rita sögur af sjálfs míns dild;  
 svæfir mig lognaldan sjampúmild.

Margan mann hefur minna hent  
 en mega hér sólbrúnn rýna í prent  
 á hóteli smáu við Hermes kennt;  
 guðinn sem hlynnti að þjófamennt.

Ó, vélvæddu apar, víst er það rétt  
 að vinnandi menn eru öreigastétt;  
 að enginn lifir á annars prett;  
 annars mun það engin nýleg frétt.

## LÍTID LAG

*c g*  
 Geislar sólar sytra inn;  
*f a# c*  
 þeir safnast í augu þér.  
*c em am am7*  
 Aðeins þetta og ekkert meir  
*f a# c*  
 er að gerast hér.

*em - f - c - em - f - c*  
*c - em - am - am7 - f - a# - c*

Víst er að heimur heldur sinn veg  
með hold og stál og blóð.  
Kannski er þetta kvöldið hans.  
Ég kyssi brjóst þín góð.

Allt sem ég heyri er lítið lag.  
Mikið líður tíminn skjótt.  
Myrkrið kemur á kattarþóf.  
Komin er önnur nótt.

## GRANDAGARÐUR

*d f##m c a*  
Líf mitt er strætó sem fer  
*f c a*  
eitthvað út á Grandagarð í vinnu.  
*d f##m c a*  
Það sér hver hjá sjálfum sér  
*f c a*  
að allir eins og ég eru í vinnu.

*d f##m c a*  
Líf mitt er lyfta sem fer  
*f c a*  
eitthvað upp á þriðjuhæð í kaffi.  
*d f##m c a*  
Það sér hver hjá sjálfum sér  
*f c a*  
að allir eins og ég eru í kaffi.

*d f##m c a*  
Líf mitt er hálfnað í dag.  
*d f##m c a*  
Stimpilklukkan tifar uppi á þili.  
*c f##m c a*  
Það sér hver hjá sjálfum sér  
*f c a*  
að líf mitt er klukka uppi á þili.

*f-g-f-g-f-g*

*g c f g*  
Ó, hvert ævitíminn fer!  
*g c f g*  
Ó hvert ævitíminn fer!  
*f e f g a*





*c dm*  
Mér finnst ég yngjast upp  
*g# g*  
í Óla skans.

Í nótt ég dansa á Hótel Borg.  
Í huga mínum léttir til.  
Í nótt ég dansa á Hótel Borg.  
Ég skynja meira en ég skil.

Mér finnst ég frjáls um stund,  
mér finnst ég frjáls um stund,  
mér finnst ég frjáls um stund  
sem fædd í gær.  
Ég tek þig til mín blítt,  
ég tek þig til mæin blítt,  
ég tek þig til mín blítt,  
já, komdu nær.

*c em f g*  
Ég er alla jafna ein og sér  
*c em f g*  
með angana úr maga mér.  
*c em f g*  
Ég er alla jafna ein og sér.  
*f g a*  
Svo er á meðan er.

Ég djúsa dulítið  
osfrv.  
upp á grín.  
Ég ætla að taka hann  
osfrv.  
upp í til mín.

## **KVÖLDFRÉTTIR**

*g d*  
Mannabörn eru mörg svo smá  
*am g*  
og mikið fæðast þau víða.  
*d*  
Þau horfa inn í heimsins ljós  
*am g g7*  
á hendur sem að bíða;  
*c g*  
bíða þess að bera þau  
*d g g7*  
út um borgir ótta og kvíða;

c                    g  
bíða þess að bera þau  
                  d                    g  
út um borgir ótta og kvíða..

Sumir fæðast í frægan flokk  
og er fagnað með hljómlistarbandi.  
Ganga með kurt í gæðasokk  
glaðir á eigin landi.  
Aðrir eins og eru til  
með öðrum í hafi af sandi.  
Aðrir eins og eru til –  
agnir í hafi af sandi.

Víðast yfir heimsins höð  
er hrópað í alvöru og gamni  
að byltingin éti börnin sín  
og bítu hjartað úr manni.  
Og mörg ein vél er saman sett  
til að sunða Edensranni.

Stundum er því líkast lag  
að liðið sé að kveldi  
en enginn biðji um dýrðardag  
með döggi og sólareldi.  
Og hjörtum séu hörð og köld  
undir hégómans snotra feldi.

Er þá nokkuð undarleg  
hvernig auðnan skipar liðum?  
Sumir menn gefa blóð og bein  
til bótar á heimsins síðum.  
En aðrir lifa eins og feitar flær  
á fannhvítum arðsins miðum.